

Frá Norræna vefjar triennialnum sem nú er haldinn að Kjarvalsstöðum í þriðja sinn (Mynd: Jim Smart).

Vefjar triennial á Kjarvalsstöðum:

Verður hann sá síðasti?

Myrkir músíkdagar í fjórða sinn:

Til að létta skammdegisdrungann

Myrkir músíkdagar, tónlistaruppákoma Tónskáldafélagsins í skammdeginu, verða haldnir í fjórða sinn dagana 24.-30. janúar. Tilgangur tónleikahalds þessa var í upphafi að fylla það tómarúm sem verður eftir jólaánnirnar þar til tónlistarlífði kviknar aftur á vörin. En jafnframt er tilgangurinn sá að kynna íslenska tónlist, yngri sem eldri, og verða að þessu sinni frumflutt nokkur verk.

Fyrstu tónleikarnir verða haldnir á mánudagskvöld í Laugarneskirkju þar sem verður flutt kirkjutónlist eftir Gunnar Reyni Sveinsson portrettónleikar. Fyrsta verkeið verður Orgelfantasía, síðan Postludium I og II, 361 nóta og 55 þagnarmerki fyrir hljóðpípu, Syng þú mín sálarlúta, kantata fyrir barmtón og orgel, Orgelsónata og loks Missa piccola fyrir blandaðan kór, einsöngvara, flautu og orgel. Tvö síðastnefndu verkeini verða frumflutt á þessum tónleikum.

Um síðastnefnda verkeið segir Gunnar Reynir við Helgarpóstinn, að það sé samið í minningu Duke Ellington. „Hann var fyrsta stóra tónskáldið sem ég lærði að meta. Það var að

sjálfsögðu jassinn hans sem ég heyrði fyrst, en það er ekki eins kunnugt, að Duke hefur líka samið marga kirkjukonserta“, segir Gunnar Reynir.

Áfram verður haldið í Neskirkju á þriðjudagskvöld þar sem Trómet, blásarasveit framhaldsskólanna, Blásarakvintett Reykjavíkur, Ólaf K. Harðardóttir, Óskar Ingólfsson, Snorri Sigfús Birgisson og hljómsveit Tónskóla Sigurveys D. Kristinssonar leika og syngja tónlist eftir innlend og erlend tónskáld.

Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur síðan undir stjórn Páls P. Pálssonar í Langholtskirkju á fimmtudagskvöld ásamt Kristjáni P. Stephensen óbóleikara verk eftir Áskel Mátsson, Jón Nordal, Hallgrím Helgason, Magnús Blöndal Jóhannsson og Leif Þórarinnsson. Á föstudagskvöld verða flutt verk eftir John Speight og Myrkum músíkdögum lýkur svo á sunnudagskvöld 30. janúar í Menntaskólanum við Hamrahlíf með því að Hamrahlífarkórinn syngur ýmis verk sem hann hefur flutt á tónleikaferðum sínum undanfarið.

PG.

Hrafn Gunnlaugsson enn í startholunum:

TVÖ HANDRIT Í UNDIRBÚNINGI

— fer síðan beint í Gerplu

Vinna við næstu kvikmynd Hrafn Gunnlaugssonar hefst 30. maí í vor. Í gangi er vinna við tvö kvikmyndahandrit, annars vegar handrit af fornaldarsögu, en hins vegar vinna Bubbi Morthens og Þorsteinn Marelsson rithöfundur að handriti að mynd sem væntanlega mun heita Frost og fjallar um erlenda verkamenn í fiski á Íslandi og verbúðalíf.


„Það er engin ástæða til að gefa frekari upplýsingar um þessi handrit að svo stöddu. En ætlunin er að kvikmynda eftir báðum handritunum og það er fastákveðið að tókur hefjast 30. mars, hvort þeirra sem

verður fyrir valinu“, segir Hrafn við Helgarpóstinn.

„Það hafa verið gerðar nokkrar atrennur við fornaldarsögur, sem hafa tekist misjafnlega. En það er engin ástæða til að halda áfram þar til það tekst, og mig hefur lengi langað til að taka mynd af þessu tagi“, segir Hrafn.

Aðal vandamál varðandi gerð fornaldarmyndar segir Hrafn að séu búningar og umgjörðin almennt, sem hingað til hafi reynst mönnum ofvíða.

„Þess vegna er um að gera að byrja smátt, og þessi fornaldarmynd er tekin sem undirbúningur



Hrafn Gunnlaugsson

undir það sem á eftir kemur. Takist þetta vel er hugmyndin að fara beint í Gerplu. Það er ekkert farið að vinna að handriti þeirrar myndar, enda er það miklu minna mál en umbúnaðurinn“, segir Hrafn Gunnlaugsson að lokum við Helgarpóstinn.

PG.

UM '83 á Kjarvalsstöðum:

50—60 ungir myndlistarmenn með verk af ýmsu tagi

Hátt á fimmta hundrað verk 80 ungra myndlistarmanna. Það er árangurinn af auglýsingu Kjarvalsstaða eftir þátttakendum á sýningu undir nafninu UM '83. Ungir myndlistarmenn '83 sem verður opnuð 5. febrúar.

„Dómnefndin er nú að velja úr þessum verkum þar eð við getum með engu móti sýnt þetta allt. Ætli það endi ekki með því að sýnd verði verk 50—60 listamanna“, sagði Þóra Kristjánsdóttir listráðunautur Kjarvalsstaða við Helgarpóstinn.

Sýningin UM '83 ætti því að sýna nokkuð góða mynd af því sem

myndlistarfólk undir þritugu er að fast við, og búast má við því að þarna skjóti upp kollinum fólk sem nú er algjörlega óþekkt í myndlistarheiminum.

„Margt af þessu fólk þekkjum við úr Myndlistaskólanum hér, en þarna er líka fólk sem hefur numið og starfað erlendis, þannig að búast má við ýmsu nýju“, segir Þóra Kristjánsdóttir.

Á sýningunni verða verk unnin með ýmsum aðferðum, olíumálverk, grafík teikningar, skúlptúr og það sem kalla mátti hreina nýlist. Allt húsið verður notað undir sýninguna, og verk verða hugsanlega

sett upp utanhúss, en einn þátttakendanna hefur lagt fram hugmynd um ísskúlptúra.

Undir lok sýningarinnar mun dómnefnd væntanlega tilnefna einn þátttakendanna til verðlauna, en í því skyni hefur verið lagður til hliðar 30 þúsund króna ferðastyrkur. Auk þess taka Kjarvalsstaðir upp á nýjung á þessari sýningu að greiða myndlistarfólkinu daglegu fyrir verk þeirra þann tíma sem sýningin stendur yfir. Það fyrirkomulag er einmitt eitt af baráttumálum Félags íslenskra myndlistarmanna og er þess skemmt að minnast, að á síðastliðnu ári hundsögu myndlistarmenn sýningu á teikningum, sem Kjarvalsstaðir boðuðu til, vegna þess að ráðamenn hússins vildu ekki fallast á að greiða myndlistarmönnum daggjöld fyrir verk þeirra. Ákvörðun Kjarvalsstaða um að greiða daggjöld að þessu sinni er til komin vegna ítrekaðra óska fulltrúa FIM í stjórn hússins. Taxi dagleigugjaldanna hefur hins vegar ekki verið ákveðinn ennþá.

PG

Útlaginn í Channel 4

Enn eykst hróður kvikmynda Ís-film, Útlagans og Lands og sona, í útlöndum. Nýlega var gerður samningur við stóran kvikmyndahúshring í Bretlandi um sýningar á Útlaganum, og Land og synir hefur verið seld til sýningar í nýjustu sjónvarpsstöðinni í Bretlandi, Channel 4, eða Rás 4, sem tók til starfa í haust.

„Það var mjög mikilvægt fyrir okkur að ná þessum samningum um biódreifinguna á Útlaganum. Þetta er stórt og mikið fyrirtæki, heitir Cinegate og rekur fjölda kvikmyndahúsa í London, sem eru kölluð Gates bíóin“, segir Ágúst Guðmundsson leikstjóri við Helg-

arpóstinn.

Sem kunnugt er hefur Land og synir þegar verið sýnd á öllum Norðurlöndunum og auk þess í sjónvarpi í Þýskalandi, Belgíu og Astralíu. Útlaginn hefur verið sýndur í sjónvarpi í Þýskalandi og seldur til bíósýninga í Svíþjóð og Noregi, en í síðastnefnda landinu átti að frumsýna myndina um þessar mundir.

Samt sem áður hafa endarnir ekki náðst saman varðandi gerð Útlagans ennþá, en á sínum tíma var ágætur hagnaður af sýningum Lands og sona, sem var settur í seinni myndina.

PG.

Komdu ef þú þorir

Bíöhöllin: Sá sigrar sem þorir (Who Dares Wins). Ensk. Árgerð 1982. Handrit Reginald Rose eftir sögu George Markstein „The Tiptoe Boys“. Leikstjóri Ian Sharp. Framleiðandi Euan Lloyd. Aðalleikarar Judy Davis og Lewis Collins.

skærulíðar innrás í franska sendiráðið í London. Tóku gísla og hótuðu að drepa. Skyndilega kom á vettvang sérþjálfuð sveit manna sem þreif sendiráðið úr höndum skærulíðanna eins og að drekka vatn með nefinu. Við horfðum á þetta í fréttum sjón-

Kvikmyndir

eftir Jón Axel Egilsson



Maður furðar sig stundum á því hvað sumir eru fljótir að eygja gróða í atburðum líðandi stundar. Þetta er önnur myndin sem ég man eftir í svipinn sem byggist á leifturáras, sem raunverulega átti sér stað. Hin var árasin á Ent-Ebbe flugvöllinn. Fyrir ekki löngu síðan gerðu

varpsins og stóðum á öndinni yfir því, að það sem við áður höfðum lesið um í bókum á borð við Bond var heilagur sannleikur.

En þetta efni var ekki nóg í heila kvikmynd. Því var tekin saga eftir George Markstein sem fjallaði um svipað efni og henni